

# STARFSLEYFI

Urðun við Bakkafjörð

## Langesbyggð

Fjarðavegi 3, 680 Þórshöfn

Kt.: 420369-1749

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Langesbyggð, kt. 420369-1749, fyrir urðun úrgangs á urðunarstaðnum í Slökkum, norðaustan við Bakkafjörð, Langesbyggð. Langesbyggð er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.

Rekstraraðila skal haga starfsemi í samræmi við gildandi deiliskipulag. Starfsemin skal samræmast viðeigandi áætlunum og viðmiðunum sbr. 17. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Heimilt er að taka á móti og urða allt að 200 tonn af úrgangi á ári.

Heimilt er að urða úrgang sem hefur verið meðhöndlaður, flokkast ekki sem spilliefni og fellur í flokk 02 (úrgangur frá landbúnaði, garðyrkju, lagareldi, skógrækt, veiðum, fiskveiðum, matvælaíðnaði og matvælavinnslu) og 20 (heimilisúrgangur (úrgangur frá heimilum og svipaður úrgangur frá verslun, iðnaði og stofnunum), þ.m.t. flokkaður úrgangur) samkvæmt reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Úrgang sem inniheldur gifs er óheimilt að urða með lífrænum úrgangi, sbr. tl. 2.2.3 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Óheimilt er að urða spilliefni, fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbarða, brotajárn, ökutæki eða annan úrgang sem talinn er upp í 8. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er bönnuð.

Brennsla úrgangs er bönnuð.

### 1.3 Eftirlit

Eftirlitsaðili hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Eftirlit felst m.a. í reglubundnum skoðunum á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem

rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram vegna nýs búnaðar, kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

#### 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Á grundvelli þeirra metur Umhverfisstofnun hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.

#### 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megj út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um að reksturinn hafi verið hafinn á nýjan leik ef hann hefur legið niðri í meira en mánuð.

#### 1.6 Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarstaðar, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi urðunarstaðarins lýkur skal fara samkvæmt 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Frágangur skal vera í samræmi við deiliskipulag og leitast skal við að í endanlegri mynd falli svæðið sem best að landslagi. Grein 3.12 í starfsleyfi þessu skal uppfyllt eftir lokun. Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.

#### 1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyrt er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn. Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 3.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

#### 1.8 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur. Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita hæfilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003.

Sinni rekstraraðili ekki fyrir mælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir sbr. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003, eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila sbr. 4. mgr. 66. gr. laganna.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 6. mgr. 66. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrir mælum um úrbætur innan tiltekins frests, að afturkalla starfsleyfi rekstrar eða stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998.

Telji eftirlitsaðili að um alvarlega hættu sé að ræða, og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað sbr. 5. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003.

## 1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. grein 1.3 og 1.8 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.10 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

# 2. STARFSHÆTTIR

## 2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Í því felast aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum og að nýta orku vel. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir 1. maí 2019 og endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

Gera skal ráðstafanir til að minnka sem mest má verða þau óþægindi og þá hættu sem stafar af urðunarstaðnum vegna elda.

Rekstraraðili skal stuðla að endurnýtingu úrgangs eins og kostur er, s.s. með því að koma úrgangi sem berst til endurnýtingar ef slík ráðstöfunun er fyrir hendi.

## 2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan fulltrúa utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

### 2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Stjórnandi urðunarstaðar skal hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna honum og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun. Á hverri vinnuvakt á athafnasvæði skal starfa tilgreindur starfsmaður sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum rekstrarins. Þessi starfsmaður skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum, ásamt uppdrætti af urðunarstaðnum, skulu ávallt tiltæk á vinnustað.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á starfstöðinni.

Aðgangur að athafnasvæðinu skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokuð og læst nema þegar starfsemi fer fram. Á urðunarstaðnum skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingu.

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Verði vart við meindýr eða vargfugl skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

### 2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 344/2013, um frjálsta þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

### 2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda frá starfseminni og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

### 2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5.

Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

### 2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal heilbrigðisnefnd á svæðinu upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

## 2.8 Gjaldtaka fyrir urðun úrgangs

Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 1. mgr. gr. 2.9 í starfsleyfi þessu, og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar í 30 ár. Ef rekstraraðili er sveitarfélag eða byggðasamlag skal gjaldið þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, s.s. vegna þróunar nýrrar tækni, rannsókna, fræðslu eða kynningarmála.

## 2.9 Tryggingar

Rekstraraðili skal leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal um lokunaraðgerðir og eftirlit í kjölfar lokunar urðunarstaðarins, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003. Skal tryggingin gilda í 30 ár eftir að urðunarstaðnum hefur verið lokað. Rekstraraðili hefur lagt fram tryggingu í formi ábyrgðaryfirlýsingar sem sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 30. júní 2016, sbr. bókun í fundargerð.

Rekstraraðili skal jafnframt taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

## 2.10 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

# 3. VARNIR GEGN MENGUN YRTRA UMHVERFIS

## 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu.

Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir, hafi hún verið skilgreind, og skal nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

Verði breytingar á bestu fánlegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við ákvæði reglugerða og skal það gert ef við á samkvæmt ákvæðum í grein 1.7.

### 3.2 Móttaka og skráning úrgangs

Urðunarstaðurinn er í afskekkttri byggð og er veitt undanþága frá kröfum um afhendingu og móttöku úrgangs sem koma fram í 2. mgr. 9. gr. og 10. gr. reglugerðar nr. 738/2003, sbr. e- og f-liði í 26. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Rekstraraðili skal þó gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að viðkomandi urðunarstaður sé skoðaður reglulega til þess að ganga úr skugga um að eingöngu sé tekið við hættulitlum úrgangi og að haldin sé skrá yfir magn og tegundir úrgangs sem er komið fyrir á staðnum, í samræmi við flokkunarkerfi reglugerðar nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku úrgangs til urðunar. Magn úrgangs til urðunar skal vikt að eða rúmmál mælt og reiknað með aðferðum er Umhverfisstofnun viðurkennir.

### 3.3 Spilliefni

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

### 3.4 Varnir gegn lyktarmengun

Taka skal, eins og kostur er, tillit til nálægrar byggðar með því að taka mið af vindafari hverju sinni við móttöku og urðun.

Fyrir urðun skal úða allan úrgang með lyktareyðandi efnum, þess er þó ekki þörf ef úrgangur er birgður með þekjuefni strax við móttöku. Einnig skal úða allan úrgang með lyktareyðandi efnum og/eða vatni/sjó eftir að honum hefur verið komið fyrir í urðunarrein ef nauðsynlegt er til að draga úr lyktarmengun. Skal tíðni úðunar og verklag miðast við að lyktarmengun sé lágörkuð eins og frekast er unnt. Ef óhapp verður og lyktsterkur úrgangur hellist niður við móttöku skal hreinsa hann upp án tafar.

Komi fram nýjar og betri aðferðir við varnir gegn lyktarmengun er rekstraraðila heimilt að taka þær upp, að fengnu samþykki útgefanda starfsleyfis.

### 3.5 Varnir gegn foki úrgangsefna

Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá starfseminni, t.d. með uppsetningu girðinga, skjólbelta og/eða jarðvegsmana. Jafnframt skal, eins og kostur er, taka tillit til vindafars hverju sinni við móttöku og urðun á foggjörnum úrgangi.

### 3.6 Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka hávaða frá starfseminni og skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

### 3.7 Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns

Komið skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Tryggja skal að yfirborðsvatn berist ekki í urðunarreinar heldur í læk við vestanverðan urðunarstaðinn innan skipulagssvæðis urðunarstaðarins og grafa til þessi áveituskurði sunnan og austan urðunarstaðarins ef þörf krefur.

Til að draga úr útskolun mengunarefna yfir í grunnvatn skal botn urðunarreina vera ofan grunnvatnsborðs, eins og það stendur hverju sinni. Ef vandkvæðum er bundið að tryggja að ekki sé grunnvatn í urðunarreinum skulu grafnir fráveituskurðir sunnan og austan urðunarstaðarins.

Urðunarstaðurinn er í afskekkttri byggð og er veitt undanþága frá kröfum um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu sem koma fram í 3. tl. viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, sbr. g-lið 26. gr. sömu reglugerðar.

### 3.8 Sigvatn

Urðunarstaðurinn er í afskekktri byggð og er veitt undanþága frá kröfu um söfnun sigvatns með drenlögnum í botni urðunarreina, sbr. 3. tl. viðauka I við reglugerð nr. 738/2003 og g-lið 26. gr. sömu reglugerðar.

### 3.9 Hauggas

Urðunarstaðurinn er í afskekktri byggð og er veitt undanþága frá kröfum um söfnun hauggass og eftirlit með hauggasi sem koma fram í 4. tl. viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, sbr. g-lið 26. gr. sömu reglugerðar.

### 3.10 Varúðarráðstafanir á urðunarstað

Koma skal úrgangi þannig fyrir á urðunarstað að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða.

### 3.11 Daglegur frágangur urðunarreina

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarhólf skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og vargfugls. Skal þekjulagið vera að lágmarki 15 cm að þykkt. Óheimilt er að nota þekjuefni sem getur sjálft haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og skal halda stærð vinnsluflatar í lágmarki hverju sinni. Einingis er heimilt að urða í reinar sem eru í a.m.k. 500 m fjarlægð frá íbúðarbyggð, sjá kort í viðauka 2.

### 3.12 Endanlegur frágangur urðunarreina

Urðunarhólf skulu eftir fyllingu hulin jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 m þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim og sig ofan í úrganginn sé lágmarkað. Óheimilt er að nota efni sem getur haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

## 4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 3.2.
2. Úrgangur sem hafnað er til urðunar, þar með talin magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 3.2.
3. Staðan á urðunarstaðnum; svæði undir úrgangi, aðferðir við urðun, hvenær og hversu lengi er urðað og útreikningar á því urðunarrými sem eftir er á staðnum.
4. Breyting á umfangi urðaða úrgangsins (sig).
5. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.6 og 2.7.
6. Niðurstöður vöktunarmælinga, sbr. gr. 4.2.
7. Daglegt magn úrkomu á staðnum.
8. Daglegt hitastig; lágmark, hámark og kl. 12 á hádegi.
9. Dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar.



10. Loftraki, daglega kl. 12 á hádegi.

11. Dagleg uppgufun.

Ef upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær, s.s. frá Miðfjarðanesi.

## 4.2 Vöktunarmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni og yfirborðsvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga. Upplýsingar um framkvæmd sýnatöku og mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

### Rekstraraðili skal vakta grunnvatn og yfirborðsvatn samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaðir	Mælipættir	Tíðni
Magn yfirborðsvatns	Í læk við NV-mörk svæðis	Rennsli	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.
Samsetning yfirborðsvatns	Í læk: a) við SV-mörk svæðis ofan urðunarstaðar b) við NV-mörk svæðis neðan urðunarstaðar	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), ammóníum (NH <sub>4</sub> <sup>+</sup> ), níttrat (NO <sub>3</sub> <sup>-</sup> ), köfnunarefni (N <sub>heild</sub> ), fosfór (P <sub>heild</sub> ), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), klóríð (Cl <sup>-</sup> ), flúoríð (F <sup>-</sup> ), sulfat (SO <sub>4</sub> <sup>-2</sup> ), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), járn (Fe), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), baríum (Ba), mólýbden (Mo), antimón (Sb), selen (Se), tin (Sn)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.
Staða grunnvatns	Mælibrunnar: a) einn ofan urðunarstaðar b) einn neðan urðunarstaðar	Hæð grunnvatnsborðs	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Samsetning grunnvatns	Mælibrunnar: a) einn ofan urðunarstaðar b) einn neðan urðunarstaðar	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), ammóníum (NH <sub>4</sub> <sup>+</sup> ), níttrat (NO <sub>3</sub> <sup>-</sup> ), fosfór (P <sub>heild</sub> ), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), tin (Sn)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.

Sýnatökubrunnar til að taka sýni af grunnvatni skulu staðsettir bæði ofan og neðan urðunarstaðarins. Efri brunnurinn skal staðsettur í SV horni skipulagssvæðisins og neðri brunnurinn skal staðsettur við mörk skipulagssvæðisins vestan aðkomuvegar, nálægt læk.

Varðandi tíðni eftirlismælinga og mælipætti er eftirlitsaðila heimilt að breyta tilhöguninni, s.s. ef mat á niðurstöðum úr fyrri mælingum gefur til kynna að óhætt sé að fækka mælingum eða ef fara þarf fram á tíðari mælingar.

## 4.3 Losunar- og umhverfismörk

Gæði grunnvatns neðan urðunarstaðarins skal meta út frá samsetningu grunnvatns ofan hans.

Gæði yfirborðsvatna skal meta út frá umhverfismörkum tilgreindum í fylgiskjali með reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Eftirlitsaðili mun í reglubundnu eftirliti með starfseminni fylgjast með þessum þáttum í samræmi við gildandi verklagsreglur um framkvæmd eftirlits.



Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

#### 4.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 3.2, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

## 5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. flokk skv. fylgiskjali 1 með reglugerð nr. 785/1999. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins. Rekstraraðili greiðir eftirlitsaðila gjald skv. gjaldskrá eftirlitsaðila vegna reglubundins eftirlits. Gjald vegna viðbótareftirlits, vanefnda eða rökstuddra kvartana greiðist sérstaklega skv. gjaldskrá eftirlitsaðila, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999.

## 6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 21.03.2034.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Starfsleyfinu fylgir greinargerð, sjá fylgiskjal.

**Reykjavík, 21. mars 2018**

**Umhverfisstofnun**

**Kristín Linda Árnadóttir**  
forstjóri

**Sigrún Ágústsdóttir**  
sviðsstjóri

## VIÐAUKI 1

### Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Grein 1.6: Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.
- Grein 2.1: Umhverfismarkmið skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. maí 2019 og skulu endurskoðuð á fjögurra ára fresti.
- Grein 4.4: Senda skal eftirlisaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert.
- Grein 4.4: Senda skal Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á mót, sbr. gr. 3.2, fyrir 1. maí ár hvert.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

**VIÐAUKI 2**

**Afmörkun urðunarreina**



## Fylgiskjal

### Greinargerð vegna auqlýsingar og vinnslu starfsleyfistillögu fyrir Langanesbyggð til reksturs urðunarstaðar á Bakkafirði og útgáfu starfsleyfis í fram haldi af auqlýsingu.

#### **Almennt**

Þann 18. nóvember 2015 barst Umhverfisstofnun starfsleyfisumsókn frá Langanesbyggð til reksturs urðunarstaðar við Bakkafirð.

Sendi Umhverfisstofnun í byrjun árs 2016 póst til umsækjenda þar sem óskað var eftir frekari upplýsingum. Bárust þær upplýsingar í júní 2016 og var umsóknin formlega móttækin í framhaldi af því.

Þann 8. júlí 2016 júlí óskaði Langanesbyggð eftir tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til áframhaldandi starfsemi þar sem starfsleyfið var útrunnið. Var undanþága veitt til 1. maí 2017.

Í byrjun október 2016 var Heilbrigðisnefnd Austurlands boðið að koma að gerð starfsleyfisins á sama tíma voru fyrstu drög að starfsleyfi send á umsækjanda til yfirlstrar og voru engar athugasemdir gerðar.

Þann 26. október var send fyrirspurn á Matvælastofnun þar sem spurst var fyrir um fisk þurrkhjalla sem staðsettir eru í námunda við urðunarstaðinn en Langanesbyggð hafið sagt að væru aflagðir.

Matvælastofnun svaraði því að umræddir þurrkhjallar væru með starfsleyfi.

Í byrjun nóvember var umsækjandi sendur tölvupóstur þar sem bent var á að þurrkhjallarnir væru innan við 500 metra frá urðunarstaðnum og samræmdest það ekki 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Þann 22. nóvember 2016 var Langanesbyggð sent bréf þar sem greint var frá að þar sem þurrkhjallar með starfsleyfi væru staðsettir innan við 500 metra frá urðunarstaðnum samræmdest það ekki 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og yrði ekki unnið frekar að málinu af hálfu Umhverfisstofnunar nema umsækjandi skýrði máli frekar.

Þann 9. mars 2017 var bréf sent á Langanesbyggð þar sem vísað var til fyrra bréfs og bent á að undanþága er umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafði veitt til urðunar vegna útrunnins starfsleyfis myndi renna út 1. maí og þyrfti því að vinna áætlun um lokun og frágang.

Í lok apríl 2017 hafði umsækjandi samband og óskaði eftir að hafist yrði handa á ný við vinnslu starfsleyfisins. Gerði Umhverfisstofnun umsækjanda grein fyrir því þar sem þurrkhjallarnir væru með starfsleyfi teldust þeir því ekki vera aflagðir. Einnig var bent á að tvö íbúðarhús virtust vera of nálægt urðunarstaðnum en umsækjandi taldi svo ekki vera. Í byrjun júní sagðist sveitastjóri ætla að láta fjarlægja þurrkhjallana enda væru þeir á landi sveitafélagsins. Umsækjandi staðfesti einnig að umrædd íbúðarhús væru of nálægt urðunarstaðnum.

Þann 14. júlí 2017 barst umsókn um undanþágu vegna fjarlægðarmarkna til Umhverfisstofnunar samkvæmt 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Í byrjun ágúst 2017 var óskað eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra um undanþágubeiðnina og barst sú umsögn þann 14. ágúst 2017. Var þar ekki gerð athugasemd við að undanþágan yrði veitt.

Þann 18. júlí 2017 óskaði Langanesbyggð eftir tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til áframhaldandi starfsemi þar sem fyrri undanþága var runnin út. Var undanþága veitt til 1. janúar 2019.

Í lok september 2017 var ný tillaga að starfsleyfi sent til umsækjanda til yfirlstrar og þann 12. október 2017 var Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra boðið að koma að gerð starfsleyfisins.

Tillaga að starfsleyfi fyrir urðunarstað fyrir Langanesbyggð við Bakkafjörð til urðunar árlega á allt að 200 tonnum af úrgangi ásamt helstu umsóknargögnum og greinargerð um áhrif hugsanlegrar mengunar var svo auglýst opinberlega á tímabilinu 7. nóvember til 7. desember 2017, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Frestur til að gera athugasemdir við starfsleyfistillöguna var á sama tímabili. Birtist frétt á vefsíðu Umhverfisstofnunar ásamt því að frétt birtist í Skeglunni, fréttabréfi á Langanesi og nágrenni. Voru gögn send á sveitarfélagið og voru þau aðgengileg þar, m.a. á vefsíðu þess. Var tölvupóstur um auglýsinguna sendur á helstu málsaðila.

### **Afstaða til matskyldufyrirspurnar**

Þann 3. janúar 2013 óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn frá Umhverfisstofnun um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skyldi háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun sendi umsögn sína 22. janúar 2013 og sagði þar.

*„Hér er um að ræða viðbót við urðunarsvæði sem hefur verið í notkun sl. 20 ár. Ráðgert er að urða allt að 200 tonn árlega á svæðinu af blönduðum heimilisúrgangi. Með hámarksnotkun mun urðunarsvæðið duga a. m. k. til ársins 2028.*

*Talið er að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verði lítil á gróður og dýralíf þar sem framkvæmdasvæðið er ýmist raskað eða lítt gróið. Helstu áhrif eru talin geta verið vegna hugsanlegrar mengunar sigvatns.*

*Skv. 16. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs ber viðkomandi rekstraraðila að fylgja áætlun um eftirlit og vöktun með urðunarstaðnum. Í því tilfalli sem hér um ræðir er gert ráð fyrir að sigvatn sé sá umhverfisþáttur sem krefst vöktunar. Fyrirhuguð framkvæmd er hvorki á friðlýstu svæði né á svæði á náttúruminjasrá.*

*Hér er um að ræða tiltölulega lítið magn úrgangs sem urðað verður á svæði sem nýtt hefur verið sl. 20 ár til urðunar. Ráðgert er að vakta magn mengandi efna í sigvatni.*

*Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd stækkun urðunarsvæðis við Bakkafjörð muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.“*

Komst Skipulagsstofnun svo að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Sú ákvörðun Skipulagsstofnunar var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og var kröfu kæranda um ógildingu hafnað.

### **Athugasemdir á auglýsingatíma og viðbrögð við þeim**

Á auglýsingatíma bárust þrjár athugasemdir við starfsleyfistillöguna.

#### **Birgir Ingvarsson**

Birgir Ingvarsson sendi athugasemdir þar sem hann bendir á að þegar leyfi til urðunar hafi upphaflega verið gefið út á Bakkafirði árið 1993 hafi það verið þegar Bakkafjörður tilheyrði Skeggjastaðahreppi og íbúatalan hafi verið innan við 100 manns. Eftir að Skeggjastaðahreppur sameinaðist Þórshafnarhreppi og Langanesbyggð var til hafi íbúafjöldinn orðið 5-600 manns.

- Umhverfisstofnun bendir á að í nýrri tillögu að starfsleyfi er heimilað að urða sama magn úrgangs og heimilað var í síðasta starfsleyfi er gefið var út til urðunar við Bakkafjörð árið 2002. Í því starfsleyfi, er gefið var út fyrir Skeggjastaðahrepp, kemur fram að einungis megi urða úrgang frá Skeggjastaðahreppi og nánasta umhverfi. Ljós þykir að Þórshafnarhreppur hafi verið nánasta umhverfi Skeggjastaðahrepps og

er því í nýju leyfi verið að heimila urðun á sama magni af úrgangi og frá sama svæði og eldra leyfi heimilaði.

Birgir gerir athugasemd við að urðunarstaðurinn sé allt of nálægt byggðinni á Bakkafirði.

- Í 12 gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs segir um staðarval urðunarstaða: „Til að vernda heilsu fólks skulu urðunarstaðir ekki vera nær íbúðarhverfum, skólum, matvælaframleiðslu- og sölustöðum, heilbrigðisstofnunum og öðrum dvalarstöðum fólks en sem nemur 500 metrum.“ Enn fremur segir: „Umhverfisstofnun getur í starfsleyfi þegar ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn viðkomandi heilbrigðisnefndar vikið frá þessum mörkum með hliðsjón af jarðfræði, landslagi og veðurfari á urðunarstað, magni úrgangs, tegundum, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, flokki urðunarstaðar og frágangi á urðunarstað.“ Umhverfisstofnun barst þann 14. júlí 2017 umsókn frá Langanesbyggð um undanþágu frá fjarlægðarreglunni. Umsagnar var leitað hjá Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra sem skilaði umsögn 14. ágúst 2017. Þar samþykkti Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra fyrir sitt leiti undanþágubeiðnina með vísan í að skilyrði væru sett um að ekki skuli urða nær íbúðarbyggð en 500 metrar.

Í nýju starfsleyfi voru eftirfarandi mótvægisáðgerðir framkvæmdar til að koma í veg fyrir ónæði af nálægð urðunarstaðarins við íbúabyggð.

1. Grein 3.4 um varnir gegn lyktarmengun var bætt í starfsleyfið. Þar eru tiltekin ákvæði um meðhöndlun úrgangs og urðun sem tryggja eiga að lyktarmengun sé í lágmarki.
2. Í grein 3.11 um daglegan frágang urðunarreina var bætt við ákvæði um að aðeins mætti urða í reinar sem eru í a.m.k. 500 m fjarlægð frá íbúðarbyggð og vísað í kort í viðauka 2.
3. Viðauka 2 var bætt við starfsleyfið en þar má sjá takmarkanir á því hvar má urða innan urðunarsvæðisins. Þessar takmarkanir tryggja að urðuna fari ávallt fram í a.m.k. 500 fjarlægð frá íbúabyggð. Þar sem heimilt magn úrgangs er ekki aukið umfram það sem verið hefur og með vísan til mótvægisáðgerða um varnir gegn lyktarmengun og lágmarks fjarlægð urðunarreina frá íbúðarbyggð telur Umhverfisstofnun að urðunarstaðurinn sé ekki of nærri íbúðarbyggð jafnframt sem undanþága frá fjarlægðarmörkum var veitt eftir umsögn heilbrigðisnefndar á svæðinu.

Birgir gerir athugasemd að lyktarmengun, vatnsmengun, mávager og fok muni stafa frá urðunarstaðnum.

- Umhverfisstofnun telur að ofangreindar ráðstafanir séu til þess fallnar að lyktarmengun frá urðunarstaðnum verði í lágmarki. Hvað varðar vatnsmengun þá bendir Umhverfisstofnun á grein 3.7 um verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns ásamt greinum 4.2 um vöktunarmælingar og 4.3 um umhverfismörk er allar lúta að því að koma í veg fyrir mengun vatns. Hvað varðar mávager og fok vísar Umhverfisstofnun að í grein 3.11 um daglegan frágang urðunarreina kemur fram að úrgangur í urðunarhólfum skuli birgður samdægurs til að koma í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og vargfugls. Í grein 3.12 kemur fram að uðurnarhólf skuli eftir fyllingu hulin jarðvegslagi, a.m.k. 1 m þykku og notað sé efni sem ekki hefur í för með sé fok, ónæði eða ólykt. Þar að auki fjallar grein 3.5 um



varnir gegn foki úrgangsefna. Því telur Umhverfisstofnun að ákvæði starfsleyfisins séu til þess fallin að koma í veg fyrir ónæði af völdum mávagers eða foks.

Birgir segir að ímynd byggðarinnar á Bakkafirði muni skaðast við urðunina. Fasteingaverð muni lækka og möguleikar til ferðaþjónustu skerðast.

- Við útgáfu starfsleyfis gerir Umhverfisstofnun ráðstafanir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum viðkomandi starfsemi með skilyrðum í samræmi við lög 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Áhrif á fasteignaverð og ímynd eru ekki þar á meðal. Staðarval urðunarstaða byggir á skipulagi og í skipulagslögum er kveðið á um bótarétt vegna skipulasákvarðana.

Birgir bendir á að skreiðarverkun hafi verið veigamikill þáttur í afkomu Bakkfirðinga en eins og fram kom lét Langanesbyggð fjarlægja þurrkhjalla er staðsettir voru á landi sveitafélagsins í nágrenni við urðunarstaðinn.

- Umhverfisstofnun hlutast ekki til um landnýtingu eða skipulagsmál sveitafélaga nema að því leyti að hún gætir að því að starfsemi sem fær starfsleyfi frá stofnuninni skal vera í samræmi við gildandi skipulag.

Birgir bendir einnig á að ekki sé til staðar nein vog til að vigta sorpið sem urðað er og sé því magnið hrein ágiskun.

- Samkvæmt starfsleyfinu er rekstraraðila heimilt að urða allt að 200 tonn á ári ásamt því að skila þarf upplýsingum árlega um allan úrgang er tekið er á móti. Rekstraraðila ber skylda til að virða skilyrði starfsleyfis síns og að sýna fram á að skilyrðunum sé fylgt. Sé ekki til staðar vog til að vikta magn úrgangs má mæla rúmmál hans og reikna magnið út með aðferðum er Umhverfisstofnun viðurkennir. Var málsgrein bætt við gr. 3.2 í starfsleyfinu til að árétta þetta.

Birgir telur að rekstur urðunarstaðarins hafi ekki verið með besta móti á s.l. 10 ár.

- Rétt er að benda á að samkvæmt starfsleyfinu verður farið árlega í eftirlit með urðunarstaðnum og ef kvartanir berast getur verið þörf á að farið verði í fyrirvaralaust eftirlit til að tryggja að eftir skilyrðum starfsleyfisins sé farið.

Birgir telur ámælisvert að Langanesbyggð hafi eftirlit með urðunarstaðnum.

- Hér hlýtur að gæta misskilnings því Umhverfisstofnun gefur úr starfsleyfi og hefur eftirlit með urðunarstaðnum.

Birgir ræðir að betra sé að sorp sé urðað á stærri urðunarstöðum.

- Sveitafélögin í landinu eru ábyrgð fyrir meðhöndlun, móttöku og urðun úrgangs og skipuleggja hvernig þessum málum er háttað á hverjum stað í samræmi við gildandi lagareglur. Stofnunin setur aftur á móti tilhlýðileg starfsleyfisskilyrði bæði fyrir stóra urðunarstaði sem og litla.

Birgir krefst frekari rökstuðnings fyrir því að undanþága var veitt frá fjarlægðarreglu 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og telur rétt að eftirlit verði stórlega hert og þvingunarúrræðum beitt ef frávik koma fram.

- Stofnunin telur að nægjanlegur rökstuðningur fyrir undanþágu frá fjarlægðarreglu hafi komið fram í greinargerð þessari en bendir á að urðunarstaður þessi fellur í þriðja eftirlitsflokk samkvæmt reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og er tíðni eftirlits því einu sinni á ári nema annað sé ákveðið skv. kerfisbundnu



áhættumati. Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur. Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita hæfilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003. Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir sbr. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003, eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila sbr. 4. mgr. 66. gr. laganna. Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 6. mgr. 66. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests, að afturkalla starfsleyfi rekstrar eða stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998. Telji eftirlitsaðili að um alvarlega hættu sé að ræða, og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað sbr. 5. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003.

### Jón Jónsson hrl.

Jón Jónsson hrl. sendi inn athugasemdir fyrir hönd Bergþórs Ólafssonar og Árna Braga Njálssonar.

Um aðalskipulag og deiliskipulag

Telja þeir Bergþór og Árni að óheimilt sé að gefa út starfsleyfið því á bls. 270 í greinargerð með aðalskipulagi Langanesbyggðar komi fram að gert sé ráð fyrir að urðunarstaðnum við Bakkafjörð verði lokað er nýtt svæði taki við.

- Í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs kemur fram að umsókn um starfsleyfi skuli fylgja upplýsingar um stöðu skipulags á svæðinu. Í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun kemur fram að starfsemin þarf að samræmast gildandi deiliskipulagi, eða aðalskipulagi sé deiliskipulag ekki til staðar, að nánari skilyrðum uppfylltum. Í gildandi deiliskipulagi sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 12. maí 2015 er gert ráð fyrir urðunarstað við Bakkafjörð. Samræmist starfsleyfið því ofangreindum reglugerðum. Í greinargerð aðalskipulags kemur fram varðandi urðunarstaðinn að stefnt sé að því að hann muni loka þegar nýtt svæði tekur við, sem tengist vinnu við að finna framtíðar urðunarstað fyrir sveitarfélagið. Þarna kemur fram stefna sem hefur ekki raungerst í skipulagsmálum í sveitarfélaginu, en sveitarfélagið er bæði rekstraraðili urðunarstaðarins og fer með skipulagsvaldið á staðnum. Í greinargerð sem fylgir deiliskipulagi fyrir urðunarsvæðið við Bakkafjörð segir í kafla um forsendur að urðunarsvæðið hafi verið í notkun í um 20 ár. Vilji sé hjá sveitarstjórn til að halda starfsemi áfram meðan ekki séu aðrar lausnir í sjónmáli varðandi sorpurðun hjá sveitarfélaginu. Samhliða rekstri svæðisins verður unnið að nýjum lausnum varðandi nýjan urðunarstað. Miðað við núverandi íbúafjölda Langanesbyggðar þykir í dag ekki réttlætanlegt að leggja út í kostnað við nýtt urðunarsvæði og því helsti kosturinn sá að taka upp viðræður við nágrannasveitarfélög um samstarf í urðunarmálum. Ennfremur segir að þrátt fyrir að deiliskipulagið sé ótímabundið og Langanesbyggð muni á grundvelli skipulagsins sækja um hefðbundið starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn til 16 ára, er það skýr sameiginleg stefna sveitarfélagsins og íbúa á Bakkafirði að

urðunarsvæðinu við Bakkafjörð verði lokað um leið og aðrar leiðir til meðhöndlunar og/eða urðunar sorps sveitarfélagsins verði færar, sem stefnt er að verði inna 7-10 ára. Þannig segir í greinargerðinni að stefnt sé að lokun svæðisins þegar aðrar lausnir liggir fyrir. Umhverfisstofnun telur að þær lausnir liggi ekki fyrir og segir í greinargerð að það svari ekki kostnaði eins og staðan er í dag. Ennfremur þá sækir sveitarfélagið um hefðbundið starfsleyfi til 16 ára nákvæmlega eins og fram kemur í greinargerðinni með deiliskipulaginu með skýrum hætti. Umhverfisstofnun fær samkvæmt framansögðu ekki annað séð en að starfsemin sé í samræmi við deiliskipulag.

Um úrgangsaáætlun Langanesbyggðar

Bergþór og Árni vísa til úrgangsaáætlunar Langanesbyggðar fyrir 2005-2020.

- Í svæðisáætlun Langanesbyggðar fyrir árin 2005-2020 (gefin út 2007 eftir sameiningu sveitarfélaga) kemur fram ástandslýsing úrgangsmála í sveitarfélaginu og sett fram spá og tillögur fyrir sveitarfélagið. Í 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs kemur fram að sveitarfélög skuli gera slíkar svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs. Í 8. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs segir að áætlun skuli endurskoða á 3 ára fresti. Umhverfisstofnun telur að áætlun um meðhöndlun úrgangs geti ekki falið í sér breytingu á skilgreindri landnotkun samkvæmt skipulagsáætlun. Segir í 17. gr. laga um meðhöndlun úrgangs að í starfsleyfi skuli vera skilyrði m.a. um að meðhöndlun úrgangs samræmist viðeigandi áætlunum og viðmiðum um móttöku og meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun tekur mið af þessari athugasemd og hefur bætt inn í starfsleyfi frá auglýstri tillögu ákvæði sem segir til um að starfsemin skuli samræmast viðeigandi áætlunum og viðmiðum sbr. 17. gr. laganna.

Forsendur um magn úrgangs

Bergþór og Árni fjalla um magn úrgangs er fellur til í sveitafélaginu og telja þeir að það sé mun meira en urðunarstaðurinn hefur heimild til að urða.

- Magn úrgangs er heimilt er að urða við Bakkafjörð samkvæmt starfsleyfinu byggir á umsókn Langanesbyggðar og vísar Umhverfisstofnun til fyrra svars um viktun eða rúmmálmælingu og útreikningi á þeim úrgangi er urðaður er. Falli til meiri úrgangur í sveitafélaginu en heimilað er að urða þarf að setja þann úrgang í annan farveg. Starfsleyfið er gefið út með tilteknu umfangi og er það sú heimild sem rekstraraðili getur nýtt sér við urðun.

Afgreiðsla Skipulagsstofnunar

Bergþór og Árni telja að ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 30. janúar 2013 hafi hafi ekki hvílt á réttum forsendum.

- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem komst að þeirri niðurstöðu að kröfu um ógilding var hafnað. Matsskyldufyrirspurn hefur því verið afgreidd á tveimur stjórnáráðum. Við starfsleyfisvinnslu hefur Umhverfisstofnun heimild í 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs til að víkja frá fjarlægðarmörkum sem þar koma fram að nánari skilyrðum uppfylltum.

Umhverfisstofnun hefur sent Skipulagsstofnun erindi þar sem óskað var svars við því hvort að ákvörðun um matsskyldu standi eða hvort Skipulagsstofnun vildi endurskoða ákvörðun sína í ljósi þess að urðunarstaðurinn er nær byggðinni á Bakkafirði en fram kom í matskyldufyrirspurninni. Skipulagsstofnun svaraði því til að ekki væri ástæða til að endurskoða ákvörðunina. Telur Skipulagsstofnun að í starfsleyfi sé hægt að setja ákvæði sem tryggi að áhrif verði ekki neikvæðari en gert var ráð fyrir þrátt fyrir að staðurinn sé nær, m.a. í ljósi þessa heimildarákvæðis sem er til staðar í 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Segir í athugasemdum Bergþórs og Árna að ósamræmi milli tilkynningar um framkvæmd til Skipulagsstofnunar og starfsleyfinu hvað varðar úrgangsflokka.

- Í tilkynningunni segir að urða eigi allt að 200 tonn af blönduðum heimilisúrgangi og rekstrarúrgangi árlega. Í starfsleyfi Umhverfisstofnunar segir að heimilt sé að urða úrgang sem hefur verið meðhöndlaður, flokkast ekki sem spilliefni og fellur í flokk 02 (úrgangur frá landbúnaði, garðyrkju, lagareldi, skógrækt, veiðum, fiskveiðum, matvælaíðnaði og matvælavinnslu) og 20 (heimilisúrgangur (úrgangur frá heimilum og svipaður úrgangur frá verslun, iðnaði og stofnunum), þ.m.t. flokkaður úrgangur) samkvæmt reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Verður ekki séð að hér sé ósamræmi milli tilkynningar og starfsleyfis.

Fjarlægð frá þéttbýli og annarri starfsemi

Bergþór og Árni benda á að við mat á fjarlægð urðunarstaðar frá íbúabyggð skuli tekið mið af svæðum eftir landnotkunarflokkum samkvæmt skipulagi. Rangt sé að miða við húsveggi íbúðarhúsa og/eða reinar urðunarstaða.

- Í 12 gr. reglugerðar um urðun úrgangs kemur fram að urðunarstaðir skulu ekki vera nær íbúðarhverfum, skólum, matvælaframleiðslu- og sölustöðum, heilbrigðisstofnunum og öðrum dvalarstöðum fólks en sem nemur 500 metrum. Umhverfisstofnun getur í starfsleyfi þegar ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn viðkomandi heilbrigðisnefndar vikið frá þessum mörkum með hliðsjón af jarðfræði, landslagi og veðurfari á urðunarstað, magni úrgangs, tegundum, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, flokki urðunarstaðar og frágangi á urðunarstað. Eins og rakið er fyrir í greinargerð þá hefur stofnunin fallist á að víkja frá ofangreindum mörkum, einkum m.t.t. magns og tegundar úrgangs og mótvægisáðgerða um frágang á urðunarstað. Mörk urðunarstaðarins eru í samræmi við deiliskipulag og verður því fjarlægð urðunarstaðarins við næsta íbúðarhús tæplega 500 metrar. Hins vegar er það ein af mótvægisáðgerðum í starfsleyfi að ekki verði urðað í reinum nær húsinu en 500 metra. Þar með er ekki verið að segja að ekki sé verið að víkja frá fjarlægðarmörkum, heldur felst í þessu afmörkun undanþágunnar.

Tímalengd starfsleyfis

Telja þeir Bergþór og Árni að ekki séu skilyrði til útgáfu starfsleyfis til 16 ára og vísa þar í umfjöllun í deiliskipulagi.

- Starfsleyfi Umhverfisstofnunar eru tímabundin skv. lögum og eru gefin að jafnaði út til 16 ára. Hins vegar er það eitt af skilyrðum fyrir mengandi starfsemi að hún sé í

samræmi við skipulag. Sveitarfélagið hefur skipulagsvald og ákveður landnotkun. Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollulstuhætti og mengunarvarnir segir að gefa skuli út starfsleyfi til tiltekins tíma. Einnig segir í ákvæðinu að útgefanda starfsleyfis sé heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Sjá nánar umfjöllun um tímalengd starfsleyfis að ofan.

### **Kristinn Ólafsson og Hjörleifur Ólafsson**

Kristinn Ólafsson og Hjörleifur Ólafsson sendu sameignlega inn eftirfarandi athugasemdir.

Telja þeir Kristinn og Hjörleifur að íbúar Bakkafjarðar verði ekki látnir njóta vafans vegna hugsanlegrar mengunar frá urðunarstaðnum.

- Umhverfisstofnun telur nægilegar upplýsingar liggja fyrir um umhverfisáhrif urðunarstaðarins og að óvissa eða vafi þar um sé hverfandi enda hefur urðunarstaðurinn verið starfræktur í um 20 ár. Heimildir til urðunar eru svipaðar og áður en gerðar eru ítarlegri ráðstafanir m.a. varðandi möguleg lyktaráhrif en gerðar hafa verið til þessa. Fylgst verður vel með mengun er frá staðnum kann að stafa og verði hennar vart verður farið í aðgerðir til að bregðast við því.

Í athugasemdum Kristinns og Hjörleifs er fjallað um aðkomu sorpbíla að urðunarstaðnum, en bílarnir þurfa að aka í gegnum Bakkafjörð, og frágang á bílunum sjálfum.

- Hvað varðar flutning á sorpi er bent á að meðhöndlun úrgangs er starfsleyfis skyld hjá heilbrigðisnefnd og fylgir þeim vegum sem hafa verið skipulagðir af sveitarfélagi.

Kristinn og Hjörleifur telja að urðunarstaðurinn hafi skemmt fyrir áætlunum um að reka ferðapjónustufyrirtæki í byggðinni og að fiskverkendum hafið verið gert að fjarlægja þurrkhjalla.

- Báðum þessum athugasemdum var svarað í svörum við athugasemdum Birgis hér að ofan.

Ræða þeir Kristinn og Hjörleifur svo um verklag sveitstjórnar Langanesbyggðar við samþykkt deiliskipulags svæðisins.

- Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur ekki eftirlit með skipulagsgerð sveitafélaga en veitir umsagnir um áhrif á umhverfið.

Að lokum fara þeir Kristinn og Hjörleifur fram á að gildistími starfsleyfisins miðist frekar við samþykkt sveitastjórnar Langanesbyggðar frá 2014 þar sem fram kemur að stefnt skuli að því að urða ekki lengur en 7-10 ár við Bakkafjörð.

- Vísar Umhverfisstofnun til fyrra svars við athugasemdum Bergþórs og Árna.

### **Endanleg útgáfa starfsleyfis**

Umhverfisstofnun bætti við í gr. 1.1 í starfsleyfi frá auglýstri tillögu ákvæði sem að starfsemin skuli samræmast viðeigandi áætlunum og viðmiðum sbr. 17. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og klausu í gr. 3.2 um mat á magni úrgangs til urðunar. Að öðru leiti er tillagan óbreytt frá auglýsingu.